



Vegvísir samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags
grunnskólakennara vegna málefna grunnskólans



Í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara sem samþykktur var 29. nóvember 2016 var samstarfsnefnd aðila falið, með bókun 1, að leggja fram í janúar 2017 vegvísir að aðgerðaráætlun til sveitarfélaga um nánari greiningu á því ástandi sem kennarar og stjórnendur hafa lýst að ríki í starfsumhverfi grunnskóla og jafnframt kallað eftir úrbótum á.

Samningsaðilar eru sammála um að framkvæmd breytinga á vinnuumhverfi kennara sem samið var um í kjarasamningi árið 2014 hafi ekki tekist sem skyldi í mörgum grunnskólum og nauðsyn þess að greina nánar þann vanda sem lýst er og leita leiða til úrbóta. Bókun 1 hljóðar svo:

BÓKUN 1 [2016]

Í kjarasamningum 2014 voru gerðar breytingar á starfsumhverfi kennara og vinnumat innleitt í grunnskólum. Samningsaðilar eru sammála um að framkvæmd breytinganna hafi ekki tekist sem skyldi í mörgum grunnskólum og því verði hverju sveitarfélagi falið að fara yfir framkvæmdina ásamt fulltrúum kennara í hverjum skóla. Markmið slíkrar vinnu er að bæta framkvæmdina þar sem þörf er á og ná sátt um starfsumhverfið. Beina skal sjónum að innra starfi skóla og þeim verkefnum sem grunnskólinn sinnir, tryggja að kennsla og undirbúningur séu forgangsverkefni í skólastarfi og létta álagi af kennurum þar sem við á. Verkefnið skal unnið á samningstímanum í samræmi við vegvísir að aðgerðaráætlun sem samstarfsnefnd aðila mun leggja fram í janúar 2017.

Samstarfsnefnd aðila tekur saman niðurstöður þessarar vinnu fyrir lok samningstímans.

Samningsaðilar munu gera ríkissáttasemjara grein fyrir framgangi þessarar bókunar þrisvar á samningstímanum; fyrir 20. janúar 2017, fyrir 15. maí 2017 og fyrir 15. september 2017.

Meginmarkmið samningsaðila eru að:

- Bæta framkvæmd skólastarfs og ná sátt við kennara um starfsumhverfið.
- Tryggja að kennsla og undirbúningur hennar séu forgangsverkefni í skólastarfi.
- Létta álagi af kennurum þar sem við á.

Framkvæmd

1. Hverju sveitarfélagi er falið að greina ítarlega breytingar á starfsumhverfi kennara sem fylgdu kjarasamningi árið 2014 s.s. vegna breytinga á vinnutímakafla og framkvæmd vinnumats sem innleitt var í grunnskólum. Verkefnið skal unnið samkvæmt aðgerðaráætlun sem undirbúin er með hliðsjón af vegvísi samstarfsnefndar þannig að hún verði í megin atriðum samræmd milli sveitarfélaga. Við gerð aðgerðaráætlunar skal haft samráð við skólastjóra.

Niðurstöður skal nýta til að gera umbætur á framkvæmd skólastarfs innan ramma gildandi kjarasamnings. Misjafnt getur verið eftir sveitarfélögum og skólum hvort eða til hvaða umbóta er nauðsynlegt að grípa.

2. Eigi síðar en 1. febrúar 2017 skulu kennarar í hverjum skóla velja fulltrúa úr sínum hópi til að taka þátt í verkefninu t.d. með kosningu eða slembiúrtaki. Ákvörðun um heildarfjölda fulltrúa kennara fer samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélags. Fjöldi fulltrúa skal þó vera þrír að lágmarki. Nauðsynlegt er að fulltrúar kennara endurspegli sem best fjölbreytileika kennarahópsins í hverjum skóla. Skal þeim skapað svigrúm til þess að sinna þessu verkefni t.d. með afleysingum frá kennslu eða með yfirvinnugreiðslum.

Fulltrúar kennara eru tengiliðir við kennara vegna greiningar á framkvæmd vinnumats og starfsumhverfi. Þeir safna upplýsingum frá kennurum og miðla upplýsingum til þeirra t.d. á þeim tíma sem ætlaður er til kennarafunda.

3. Fulltrúi sveitarfélags kynnir fulltrúum kennara og skólastjórnendum hvers skóla aðgerðaráætlun sveitarfélagsins um megindrætti í framkvæmd verkefnisins. Skipulagning og greining innan hvers skóla skal hefjast eigi síðar en 15. febrúar 2017.
4. Vinna við greiningu og undirbúning umbótaáætlunar sveitarfélags er unninn af fulltrúum sveitarfélags og fulltrúum kennara ásamt skólastjóra. Þeirri vinnu lýkur með gerð tímasettrar umbótaáætlunar sveitarfélags fyrir hvern skóla.
5. Eigi síðar en 1. maí 2017 skulu fulltrúar sveitarfélags og fulltrúar kennara ásamt skólastjóra kynna kennurum umbótaáætlun sveitarfélagsins fyrir skólann.
6. Umbótaáætlun skal skilað til samstarfsnefndar aðila eigi síðar en 1. júní 2017. Samstarfsnefnd mun ekki birta opinberlega einstaka umbótaáætlanir skóla.
7. Fulltrúi sveitarfélags heldur utan um öll gögn vinnunnar bæði hvað varðar greiningu og áætlun um umbætur innan hvers skóla. Sveitarfélag skilar niðurstöðum í skýrsluformi til samstarfsnefndar aðila eigi síðar en 1. júní 2017.

Lokaskýrsla sveitarfélags til samstarfsnefndar aðila skal svara eftirfarandi atriðum:

- a. Hvernig tókst framkvæmd vinnumats?
- b. Hvað gekk vel og hvað má betur fara?
- c. Er sátt um starfsumhverfið/vinnuumhverfið?
 - Hvað er gott við starfsumhverfið/vinnuumhverfið og hvað má betur fara?
- d. Hvernig tryggjum við að kennsla og undirbúningur séu forgangsverkefni?
- e. Er álag á kennara of mikið?
 - Hverjir eru helstu álagsþættirnir og hvað má gera til að draga úr álagi?

8. Samstarfsnefnd aðila tekur saman helstu niðurstöður sveitarfélaga um allt land og birtir fyrir 15. september 2017.
9. Hlutverk samningsaðila

Hlutverk Sambands íslenskra sveitarfélaga er að vera sveitarfélögum innan handar við vinnuna og leiðbeina þeim í gegnum ferlið eftir þörfum.

Hlutverk Félags grunnskólakennara er að vera kennarahópum innan handar við vinnuna og leiðbeina þeim í gegnum ferlið eftir þörfum.

Fylgiskjal með vegvísi

Við vinnuna má t.d. beina sjónum að eftirfarandi þáttum. Athygli er vakin á því að þessum lista er hvorki ætlað að vera stýrandi né tæmandi heldur eingöngu til stuðnings vegna vinnu við greiningu og gerð umbótaáætlunar:

Vinnuumhverfi

- Hvernig eru starfsaðstæður/vinnuaðstæður?
- Hvernig er umsjón og eftirliti með kennslurými, tækjum og áhöldum háttað?

Samskipti

- Hvernig eru samskipti samstarfsfólks í skólanum?
- Hvernig er samskipti við nemendur utan kennslustunda?
- Hvernig er samskiptum kennara við forráðamenn háttað?
- Hvernig eru samskipti skólastjórnenda og kennara í skólanum?
- Hvernig er skipulagi á viðtalstímum kennara háttað?
- Hversu mikið er um fundi innan og utan skólans og hvers konar fundir eru það?
- Hvernig er faglegu samstarfi kennara háttað?
- Hvert er umfangið á upplýsingaskráningu og upplýsingagjöf?

Starfið

- Hvað er jákvætt við starfið?
- Af hverju er þetta eftirsóknarvert starf?
- Hverjir eru álagsþættir í kennarastarfinu?
- Tilgreina þrjá megin álagsþætti
- Hvar og hvernig má létta álagi af kennurum?
- Hvernig er vinna í þróunarteymum/fagteymum háttað:
 - Grænfáni
 - Menningarfáni
 - Eineltisteymi
 - Læstisteymi
 - ofl.
- Er einhverjum verkefnum ofaukið og þá hvaða?
- Er verkaskipting réttlát milli kennara?
- Hversu mikla ábyrgð bera kennarar á:
 - heilbrigðis- og félagslegum þáttum
 - greiningum
 - lyfjagjöfum
 - næringu
 - hreinlæti
 - svefnvenjum
 - félagslegum samskiptum hjá nemendum

Stjórnun

- Hvernig er skipulag vinnutíma, viðveru og framkvæmd vinnumats háttað?
- Hvernig er skipulag starfsþróunar?
- Hvernig er stuðningi stjórnenda við kennara háttað?
- Hver er fjöldi millistjórnenda og verkefni þeirra?